

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

### 332. fundur

Föstudaginn 11. desember 2020 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. Fundurinn sem var fjarfundur hófst kl. 11:00.

#### Mætt voru:

Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Gunnar Valur Gíslason (GVG) og Ólafur Ingi Tómasson (ÓIT) varamaður fyrir Hafnarfjörð, öll í fjarfundi.

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir, sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs.

#### Dagskrá fundar:

1. Starfsáætlun 2021.
2. Útboð á leigubílaakstri í akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.
3. Stjórnsýsla vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.
4. Lífeyrissjóðsmál B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar.
5. Útboð á aðkeyptum akstri á höfuðborgarsvæðinu, tímalína og undirbúningur.
6. Önnur mál.
  - a. Erindi frá SSH

#### Tekið fyrir:

##### 1. Starfsáætlun 2021.

---

Lögð fram starfsáætlun stjórnar Strætó fyrir árið 2021.

Stjórn samþykkir starfsáætlun fyrir árið 2021.

##### 2. Útboð á leigubílaakstri í akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.

---

Fyrir fundinum lá lokaútgáfa að útboðsgögnum vegna útboðs á leigubílaakstri í akstursþjónustu fyrir fatlað fólk, ásamt minnisblaði frá Erlendi Pálssyni, sviðsstjóra Pant hjá Strætó.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að bjóða út leigubílaakstur í akstursþjónustu fyrir fatlað fólk á grundvelli fyrirliggjandi útboðsgagna.

##### 3. Stjórnsýsla vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.

---

Framkvæmdastjóri kynnti minnisblað dags. 09.12.2020, frá Eyþóru K. Geirsdóttur, lögmanni hjá embætti borgarlögmanns, um stjórnsýslu í kringum akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að senda stjórn SSH minnisblaðið til umsagnar.

##### 4. Lífeyrissjóðsmál B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar.

---

Fyrir fundinum lá erindi, dags. 08.12.2020, frá Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar, varðandi uppgjör á áfallandi lífeyrisskuldbindingum hjá Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að leita álits lögmanns félagsins á erindinu. Einnig var samþykkt að senda stjórn SSH erindið til umsagnar.

## 5. Útboð á aðkeyptum akstri á höfuðborgarsvæðinu, tímalína og undirbúningur.

Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirkomulag útboðs á aðkeyptum akstri Strætó á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða tímafreakan feril og að mati framkvæmdastjóra er mikilvægt að hefja sem fyrst undirbúning að næsta útboði en núverandi samningur rennur út í ágúst 2024.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að hefja undirbúning að útboði á akstri og leggja fyrir stjórn tillögu að fyrirkomulagi og tímalínu verkefnisins.

## 6. Önnur mál

- Fyrir fundinum lá erindi, dags. 10.12.2020, frá lögfræðingi SSH, þar sem leitað er álits á tillögu sem borin var upp á aðalfundi SSH 2020 af bæjarfulltrúa í Mosfellsbæ og sem tekin var til umfjöllunar á fundi stjórnar SSH þann 7. desember sl. Óskað er eftir að stjórn Strætó skoði hvort í starfsemi félagsins séu framlínustörf í yfirstandandi Covid-aðstæðum sem ástæða er til að umbuna sérstaklega fyrir. Einnig skal skoða hvernig þessum málum er háttað hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.

Fundi slitið kl. 12:30.

**Fylgiskjöl:** Starfsáætlun 2021

\_\_\_\_\_  
Hjálmar Sveinsson

\_\_\_\_\_  
Karen Halldórsdóttir

\_\_\_\_\_  
Helga Ingólfssdóttir

\_\_\_\_\_  
Ásgeir Sveinsson

\_\_\_\_\_  
Sigrún Edda Jónsdóttir

\_\_\_\_\_  
Gunnar Valur Gíslason